

## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til BA-prófs í íslensku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Henni er ætlað að gera grein fyrir málbreytingu sem felst í því að kvenkynsorð sem enda á *-i* í íslensku fá *-s* í eignarfalli. Þetta eru orð eins og *heppni*, *keppni* og *reiði*. Málbreytingin hefur verið til samhliða hefðbundnu eignarfalli svo lengi sem elstu heimildir herma og er í ýmsum ritum sögð tilkomin fyrir áhrif frá hvorugkynsorðum af svipaðri gerð. Leitað er svara við því hvers vegna þessi orð geti fengið *-s* í eignarfalli og hvað sé að eiga sér stað í málkunnáttu þegar málhafi beitir t.d. orðmyndinni *reiðis* í stað *reiði* í eignarfalli.

Ritgerðin skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla eru kenningar Chomskys um meðfædda málkunnáttu kynntar til sögunnar og fjallað er um málbreytingar, einkum þær sem eru taldar kvikna í máltöku barna. Í öðrum kafla er hefðbundin lýsing á beygingarkerfi íslenskra nafnorða dregin fram auk þess sem fjallað verður um lýsingu á beygingarkerfinu frá sjónarhóli málkunnáttufræði. Rætt verður um orðasafnið og aðra þætti málkunnáttunnar með tilliti til málbreytingarinnar. Í þriðja kafla eru fyrri skrif um málbreytinguna dregin fram og gerð grein fyrir nýrri rannsókn og niðurstöðum hennar. Í fjórða og síðasta hluta ritgerðarinnar eru helstu niðurstöður eru dregnar saman og ræddar.

## Formáli

Vorið 2013 sat ég námskeiðið Beygingar- og orðmyndunarfræði ÍSL447G hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni. Ég vann þar lítið verkefni um *-s* endingu á samsetningaskilum eða í enda kvenkynsorða í eignarfalli. Málnotkun útvarpsmanns vakti mig upphaflega til umhugsunar og varð kveikjan að verkefninu, en hann sleppti *-s*-i á skilum í samsetta orðinu *athyglisverður* og sagði *athygliverður*. Við vini og kunningja ræddi ég þessa tilteknu málnotkun útvarpsmannsins og í ýmsum ritum fann ég umfjöllun um þetta *-s*- á skilum samsettra orða með kvenkynsorð sem enda á *-i* sem fyrri lið og í sömu andrá oftast nefnd dæmi um *-s* í enda þessara orða í eignarfalli. Verkefnið var smátt í sniðum og efnið lauslega skoðað. Í janúar síðastliðnum ákvað ég að nú skyldi málbreytingin skoðuð nánar en efnið afmarkaði ég við *-s* í eignarfalli orða eins og *reiði* og *rósemi*. Úr varð það sem hér er lagt fram til BA-prófs í íslensku.

Leiðbeinanda mínum Jóhannesi Gísla Jónssyni kann ég bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og hvetjandi leiðsögn. Kristínu Bjarnadóttur þakka ég fyrir gagnlegar ábendingar og fyrir að útvega orðalistana sem hluti rannsóknarinnar grundvallast á. Ég vil að lokum þakka þeim sem standa mér næst fyrir ómetanlegan stuðning - sérstaklega móður minni.

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	i
Formáli .....	ii
0. Inngangur .....	1
1. Málbreytingar .....	3
1.1 Tungumál og málkunnátta sem viðfangsefni málvísindanna.....	3
1.2 Breyting í málkunnátta .....	5
2. Breyting í beygingu.....	9
2.1 Beygingakerfi og málkunnátta.....	9
2.2 Tíðnirannsókn Ástu Svavarsdóttur .....	13
2.3 Aðrar rannsóknir tengdar eignarfalli.....	15
3. Breytt eignarfallsmynd orða sem enda á <i>-i</i> í íslensku.....	18
3.1 Samantekt yfir fyrri umfjöllun .....	18
3.2 Ný rannsókn – markmið og aðferð .....	21
3.3 Niðurstöður .....	22
4. Lokaorð .....	29
Viðauki .....	33

## 0. Inngangur

Nafnorðum í íslensku er skipt í beygingarflokka eftir kyni og endingum. Svonefndum veikum kvenkynsorðum, þeim sem enda á sérhljóði í eintölubeygingu, er oftast skipt í tvennt eftir því hvort þau enda á *-a* eða *-i* í nefnifalli eintölu (sbr. *tung-a* og *reið-i*). Þau síðarnefndu mynda fyrirferðalítinn flokk orða sem eru þó mörg algeng í nútímaíslensku, t.d. *reiði*, *keppni*, *heppni* og *lygi*. Flest enda þau á *-i* í allri eintölubeygingu og hafa enga fleirtölu. Málhafar hneigjast til að skeyta *-s* endingu aftan við sum þessara orða í eignarfalli eintölu. Dæmi úr nútímaíslensku:

- (1) Hann mun fara með hlutverk Dr. Bruce Banners sem breytist í græna risann ef hann er reittur til **reiðis** (Fréttablaðið 2001).<sup>1</sup>

Einnig eru til vitnis um málbreytinguna dæmi allt frá fornu máli. Ragnvald Iversen (1994:66) nefnir t.a.m. orðin *kristni* og *ógleðisklæði*. *Kristni* er ósamsett kvenkynsorð en *ógleðisklæði* er samsett úr kvenkynsorðinu *ó-gleði* sem fyrri lið og hvorugkynsorðinu *klæði* sem síðari lið, með *-s* á samsetningaskilum. Hjá Iversen og flestum þeim sem um málbreytinguna hafa rætt er fjallað um orðmyndir eins og *kristnis* og *ógleðisklæði* saman en hér er umfjöllunin afmörkuð við það *-s* sem er ótvírætt eignarfallsmerki.

Vísbendingar eru í nútímamáli um að hér sé um ólík fyrirbæri að ræða og sem dæmi um það má nefna samsetta lýsingarorðið *athyglisverður*, en *-s* á samsetningaskilum hefur verið túlkað sem bandstafur/tengihljóð og aðgreint frá *-s*-i í eignarfallssamsetningum.<sup>2</sup> Sú túlkun verður látin liggja milli hluta en hér verður ekki rætt frekar um samsetningar af þessu tagi (með orð eins og *reiði* sem fyrri samsetningarlið). Kvenkyns samsetningar eins og *sanngirni* og *skynsemi* eru aftur á móti rannsakaðar til samanburðar við þau ósamsettu.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginhluta. Í fyrsta kafla eru kenningar Chomskys um meðfædda málkunnáttu kynntar til sögunnar og fjallað er um tungumál og málbreytingar, einkum þær sem eru taldar kvikna í máltöku barna. Í öðrum kafla er hefðbundin lýsing á beygingarkerfi íslenskra nafnorða dregin fram auk þess sem fjallað

<sup>1</sup> Dæmi er fengið af [www.timarit.is](http://www.timarit.is).

<sup>2</sup> Umfjöllun um ólíkar gerðir samsetninga í íslensku má t.d. finna hjá Þorsteini G. Indriðasyni (1999) og Guðrúnu Kvaran (2005:151-158).

verður um lýsingu á beygingarkerfinu frá sjónarhóli málkunnáttufræði. Rætt verður um orðasafnið og aðra þætti málkunnáttunnar með tilliti til málbreytingarinnar og eignarfall og rannsóknir tengdar því eru ræddar í sérstökum undirkafla. Í þriðja kafla er fyrri umfjöllun um málbreytinguna dregin fram og gerð grein fyrir nýrri rannsókn og niðurstöðum hennar. Í fjórða og síðasta hluta ritgerðarinnar er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar sem eru m.a. þær að málbreytingin er síður en svo ný í málinu en heimildir allt frá fornu máli vitna um hana. –s ending í eignarfalli kemur aðeins fram í orðum sem eru ekki til í fleirtölu og eins í allri eintölubeygingu (eins og reiði). Talið hefur verið líklegast að –s endingin sé til komin vegna áhrifa frá orðum svipaðrar formgerðar í hvorugkyni en hér munu leiddar að því líkur að gripið sé til –s sem ómarkaðrar og kynlausar eignarfallendingar.

# 1. Málbreytingar

Í þessum kafla er fjallað almennt um málbreytingar. Fyrst eru kenningar um meðfædda málkunnáttu kynntar til sögunnar (1.1) og í kjölfarið eru ræddar málbreytingar, einkum þær sem taldar eru eiga upptök í máltöku barna (1.2).

## 1.1 Tungumál og málkunnáttu sem viðfangsefni málvísindanna

Svo sem allir aðrir hlutir, svo eru og málin sífeldum breytingum undirorpin. Ekkert mál getr staðið í stað öldungis óbreytt, svo lengi sem það lifir, er talað og ritað af heilli þjóð (Jón Þorkelsson 1863:3).

Tilvitnunin hér að ofan er fengin úr málfræðiriti eftir Jón Þorkelsson frá árinu 1863. Hann ræðir um málbreytingar og segir tungumálið lifa. Umfjöllun og rannsóknir á málbreytingum grundvölluðust lengi á þeim hugmyndum að málkerfið lifði sjálfstæðu lífi utan við málnotandann. Litið var á tungumál sem lifandi veru sem fæðist, lifir, verður gamalt og að lokum deyr og leituðust málfræðingar við að skilgreina og útskýra breytingar (aðallega hljóðbreytingar) þess eftir vísindalegri aðferðafræði (t.d. Joseph og Janda 2003:6-10 og Lightfoot 2006:17-39). Sá skilningur sem lagður er í orðið tungumál (e. *language*) í daglegu tali getur falið í sér að það sé utan við málnotandann t.d. þegar talað er um *varðveislu* íslenskunnar eða að tungumál *haf* hljóðkerfi eða beygingakerfi. Tungumálið er samkvæmt þessu hlutgerð heild eða kerfi sem getur annars vegar haft eitthvað (búið yfir einhverju) og sem hins vegar er hægt að varðveita.

Með kenningum og nýrri sýn málkunnáttufræði (e. *generative grammar*) upp úr miðri síðustu öld færðist áherslan yfir á málkunnáttuna sjálfa. Kenningar málkunnáttufræðinnar miðuðu að því að rannsaka skyldi kjarna tungumálsins. Þegar sagt er t.d. *þetta er ekki til í mínu máli* er vísað í það mál sem býr innra með málnotandanum. Þessum tveimur ólíku merkingarsviðum orðsins tungumál var áður lýst með hugtökunum mál (e. *langue*) annars vegar og tal (e. *parole*) hins vegar.

Þekktastur og fremstur í flokki málkunnáttufræðinga er án efa Noam Chomsky. Breyttar áherslur voru að hans mati tímabærar og í takt við kenningar á öðrum sviðum vísinda (sjá umfjöllun Chomskys um breyttar áherslur í rannsóknum á tungumáli 1986:24-36). Chomsky hefur lagt megináherslu á aðgreiningu tungumáls í málkunnáttu (e. *competence*) og málbeitingu (e. *performance*) (Chomsky 1965:3-18) auk þess sem

hann skilgreindi annars vegar ytra mál (*E-language*) og hins vegar innra mál (*I-language*). Með ytra máli á hann við tungumálið utan við málnotandann eða málbeitinguna og lýsingu á henni. Innra mál vísar til málkunnáttunnar sem býr innra með málnotendum og er hún hið eiginlega viðfangsefni málkunnáttufræðinga. Kenningar svokallaðrar algildismálfræði (e. *universal grammar*) gera ráð fyrir sammanlegum meðfæddum málhæfileika, einskonar innbyggðum máltökubúnaði sem er hluti af huga/heila hvers og eins okkar sem búum að móðurmáli (Chomsky 1986:19-24).

Með rannsóknum á barnamáli og máltöku, sem fengu byr undir báða vængi með kenningum um meðfædda málkunnáttu, hefur verið sýnt fram á að máltaka barna fer fram í samfélagi þeirra við aðra málhafa og að henni lokinni má segja að þeirra eigið innra mál ná yfir óendanlegar (e. *infinite*) upplýsingar. Hinn meðfæddi hæfileiki grundvallast á kerfisbundnu og virku regluverki sem nær yfir hinar óendanlegu upplýsingar sem einstaklingurinn býr yfir (Lightfoot 2006:7-12 og 44-45, Lightfoot 1982:16-17). Ennfremur hefur verið sýnt fram á að þær villur sem börn á máltökuskeiði gera eru einnig reglubundnar. Barn tileinkar<sup>3</sup> sér málhæfnina í ákveðnum þrepum og smátt og smátt færni í að greina á milli þess sem er tækt og ótækt (Guasti 2002:5).

Máltaka er flókið ferli sem á sér stað á mörgum ólíkum stigum. Eftir að máltökuskeiði lýkur búa málhafar yfir málkunnáttu sem felur í sér orðasafn, beygingar- og orðmyndunarreglur, hljóðkerfisreglur auk setningafræðilegra og merkingafræðilegra þátta. Algildismálfræðin lýsir þeim þáttum sem eru sameiginlegir öllum tungumálum og hefur innbyrðis tengslum þessara kerfa hefur verið lýst með ýmsum hætti, t.d. með orðasafnskenningu hinn meiri (e. *the strong lexicalist hypothesis*) og orðasafnskenningu hinn minni (e. *the weak lexicalist hypothesis*) (Scalise 1986:101-102). Mun milli ólíkra tungumála má lýsa með því að gera ráð fyrir ólíkum gildum á svonefndum færðibreytum (e. *parameters*). Eftir að hinu flókna ferli máltökunnar er lokið býr málhafi yfir kunnáttu í sínu tungumáli og færni til að beita reglum sem leiða t.d. af sér beygingarmyndir orða.


---

<sup>3</sup> Í ritgerð þessari er stundum talað um *lærdóm* eða *tileinkun* í sambandi við máltöku barna en ítrekað skal að hér er gengið út frá kenningum um meðfædda málkunnáttu. Á ensku er oft talað um *language acquisition* sem á við um máltökuferlið og það er skýrt aðgreint frá *second language acquisition* sem felst í eiginlegum lærdómi, en hér verður ekki farið frekar út í þá sálma.

## 1.2 Breyting í málkunnáttu

Samkvæmt kenningum Chomskys er innra málið grundvöllur rannsókna á málkunnáttu og breytingum í henni. Í grein sinni *Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði* leitast Margrét Guðmundsdóttir (2009:7-52) við að greina í sundur viðfangefni málfræðinga í rannsóknum á málbreytingum en hún telur mikilvægt að greina á milli ólíkra hugmynda því þær leitist við að svara ólíkum spurningunum. Skýringarmynd (2) er byggð á lýsingu Margrétar Guðmundsdóttur (2009:17) á aðgreiningu hugtaka og viðfangsefna frá sjónarhóli málkunnáttufræðinnar.

(2)



Ytra mál og breytingar á því eru samkvæmt (2) viðfangsefni málsögufraeðinga (e. *historical linguists*) og félagsmálfræðinga (e. *sociolinguists*) en málkunnáttufræðingar fást við breytingar á innra máli og/eða útbreiðslu breytinga. Þeir fyrrnefndu fást t.d. við rannsóknir á málbreytingum með tilliti til félagslegra eða landfræðilegra þátta. Þeir gætu fengist við rannsóknir á eðli staðbundinna framburðarmállýskna og t.d. spurt eftirfarandi spurninga eins og: Hvar á landinu og hvenær hófst afkringing *y*, *y* og *ey*? hver var ferill hennar um landið og hve langan tíma tók hann? Málkunnáttufræðingar fást hins vegar við kviknun breytingar í innra máli, ýmist hjá barni á máltökuskeiði eða í máli fullorðins málhafa<sup>4</sup> og þeir leita svara við spurningum eins og t.d. „Hvers vegna

<sup>4</sup> Greint hefur verið frá hugmyndum um að málbreytingar geti átt upptök sín í málkunnáttu einstaklings eftir að máltökuskeiði er lokið. Slíkt hefur verið kallað regluviðbót (e. *rule addition* eða *innovation*) t.d. McMahon 1994:36-37). Sem dæmi um það sem virðist vera svokölluð regluviðbót í íslensku má nefna nýja dvalarhorfið (hefur einnig verið kallað útvíkkað framvinduorf). Nýja dvalarhorfið birtist þannig að



kviknaði *kv*-framburður í málkunnáttu?“ Með útbreiðslu málbreytingar er átt við ferlið sem tekur við eftir kviknun og málkunnáttufræðingar gætu spurt spurninga eins og „Hvers vegna breiddist *kv*-framburður út þó að *hv*-framburður væri ríkjandi í málsamfélaginu?“ (Margrét Guðmundsdóttir 2009:17).

Sú aðgreining viðfangsefna sem lýst er í (2) kemur einnig fram í skrifum Marks Hale (2007) en hann gerir skýran greinamun á aðferðafræði þeirra sem rannsaka breytingar í málkunnáttu og þeirra sem fást við tungumálið í samhengi við ytri félagslega þætti. Hann líkir tungumálinu fyrst við grjót sem rúllar niður hæð og gengst við því að hægt sé að rannsaka þann atburð á ýmsa vegu með tilliti til ýmissa mælanlegra þátta. En tungumálið er ekki á ferðalagi frá einum tímapunkti til annars heldur býr það innra með hverjum málnotanda og er einstaklingsbundið. Hann stingur því upp á annari sýn til að skýra eðli málbreytinga:

Imagine, [...] the following scenario. A large rock sits upon a hill. Every 20 years or so an individual with instructions to place an identical rock next to the rock they see on the hill comes along and does so. This individual is, however, barred from using anything other than visual inspection of the original rock to determine its features – they may not weigh it, examine its internal structure, take measurements, etc. Moreover, they have not been given any instruction as to precisely which aspects of the rock they should pay most attention to in the determination of „identity“ for replacement purposes. These replacements proceed, at regular intervals, and 400 years later there is rock at the bottom of the hill which bears some resemblance to the original rock which sat at the top of the hill 400 years earlier (Hale 2007:35).

Það hlýtur að skipta höfuðmáli hvor sýnin er höfð að leiðarljósi í rannsóknum á málbreytingum. Að gera ráð fyrir að undirróttin búi í máltökunni er hefðbundin viðmiðun innan málkunnáttufræði. Sem dæmi um málbreytingu sem virðist eiga upptök sín í barnamáli í íslensku má nefna svonefnda þágufallshneigð en hún felst í tilhneigingunni að setja þágufall í stað þolfalls á aukafallsfrumlög sbr. dæmið hér að neðan:


(3) **Mér** (þgf.) hlakkar til jólanna < **Ég** (nf.) hlakka til jólanna

---

málhavar segja t.d. *Þú ert bara ekki að skilja þetta* í stað *þú skilur þetta ekki* (t.d. Höskuldur Þráinsson 2005:326).

Í samhengi við sýn Hale á eðli málbreytinga hér að ofan má hugsa sér þágufallshneigð sem lítinn blett á yfirborði tungumálsins (grjótsins). Málkunnáttufræðingar vilja vita hvers vegna barn grípur til þágufallsmyndar persónufornafnsins á undan ópersónulegu sögninni og til þess þurfa þeir að skoða mál barnsins (nýja grjótið) og málumhverfið sem er viðmiðun barnsins máltökunni. Í túlkun barnsins á máli fyrirmyndar kviknar breytingin en mikilvægt er að greina í tvennt það sem almennt er kallað einu orði *málbreyting*, þ.e. annars vegar er það kviknun nýjungar og hins vegar útbreiðsla þess sem þegar hefur kviknað. Barn á máltökuskeiði þarf að túlka málbeitingu málfyrirmynda sinna og hefur tengslunum verið lýst eins og sýnt er í (4)<sup>5</sup>.

(4)



Kviknun málbreytingar er samkvæmt (4) að finna í túlkun (eða mistúlkun) barns á þeim upplýsingum sem það túlkar úr málbeitingu fyrirmyndar. Foreldri býr yfir sinni eigin málkunnáttu ( $M_1$ ) og beitir máli sínu ( $B_1$  málbeiting foreldris) samkvæmt henni. Barnið nemur málbeitingu foreldris síns, túlkar og byggir á henni málkunnáttu sína ( $M_2$ ). Málbeiting barnsins ( $B_2$ ) er síðan birtingarmynd þessa ferlis og einnig málbreytingarinnar ef hún hefur kviknað á þessari leið. Í stuttu máli sagt á málbreyting upptök sín í *innra máli* – í túlkun barns á *ytra máli*.

Ef málbreyting getur átt upptök sín í máltöku barna annars vegar og í regluviðbót í máli fullorðins málhafa hins vegar verður að teljast líklegra að breytingin sem hér er fjallað um eigi upptök sín í máltöku barna. Börn túlka (eða mistúlka) málbeitingu málfyrirmynda sinna á ákveðinn hátt og þróa út frá því eigin málkunnáttu.

<sup>5</sup> Stuðst er við uppsetningu Margrétar Guðmundsdóttur (2009:27) en hún nefnir að líkani af kviknun málbreytingar hafi áður verið lýst af öðrum, t.d. Hale (2007:28) og Lightfoot (1979:148).

En þó að um mistúlkun upplýsinga sé að ræða er hún á einhvern hátt rökrétt eins og áður hefur verið bent á (kafla 1.1) en eitthvað í málumhverfinu getur valdið mistúlkuninni þrátt fyrir meðfædda færni barnsins (Margrét Guðmundsdóttir 2009:43-47 og Lightfoot 2006:45-57 og 77-86?). Málumhverfið getur sem sagt átt við málbeitingu málfyrirmyndar og hún grundvallast á málkunnáttu hennar.

## 2. Breyting í beygingu

Málbreytingin sem kynnt var til sögunnar í inngangi felst í beygingu orða eins og *reiði* og *rósemi*. Málhafar hneigjast til að skeyta *-s* endingu aftan við orð af þessu tagi í eignarfalli og segja t.d. *reiðis* í stað *reiði*. Í kafla 2.1 er gerð grein fyrir hefðbundinni beygingarflokkun í íslensku annars vegar og lýsingu byggðri á hugmyndum málkunnáttufræði hins vegar. Var það verður ljósi á aðgreininguna í veika og sterka beygingu, vandamál varðandi hana og staða orða eins og *reiði* rædd. Í kafla 2.2 er fjallað um eignarfall og rannsóknir á ýmsum þáttum þess kynntar.

### 2.1 Beygingakerfi og málkunnátta

Í hefðbundinni beygingarlýsingu íslensks nútímamáls eru nafnorð flokkuð í beygingarflokka eftir kyni og endingum. Þetta eru endingarnar *-r*, *-s* og *-m* annars vegar og *-a*, *-i* og *-u* hins vegar. Flestar hafa þær mismunandi hlutverki að gegna eftir því í hvaða kyni og tölu orðið er og af hvaða stofni. Beygingarflokkunin miðast aðallega við svokölluð kenniföll en það eru eignarfall eintölu og nefnifall fleirtölu og sagt er að nóg sé að kunna þau til að beygingin sé að öðru leyti fyrirsegjanleg (á aðeins við í reglulegri beygingu) (Guðrún Kvaran 2005: 196).

Venjan er að greina á milli sterkrar og veikrar beygingar og miðar sú aðgreining yfirleitt að endingum í eintölubeygingu. Þau orð eru sögð beygjast sterkt sem enda á samhljóði í eignarfalli eintölu en þau sem enda á sérhljóði í öllum föllum eintölu eru kölluð veik:

- (5) a. De islandske Substantiver har to Hovedbøjningsmaader, den stærke og den svage. I den stærke ender Gen.Sing. altid paa en Konsonant, mens i den svage hele Singularis ender paa en Vokal. Begge disse to hovedbøjningsmaader omfatter Ord af alle tre Køn (Valtýr Guðmundsson 1922:46).
- b. Ef orð beygist eftir sterkri beygingu endar eignarfall eintölu á samhljóði, *-s*, *-ar* eða *-ur*, en veika beygingin endar á sérhljóði í öllum föllum eintölu [...] (Guðrún Kvaran 2005:221).

Í karlkyni eru endingarnar *-s* og *-ar* mögulegar í eignarfalli eintölu en *-ar* og *-ur* í kvenkyni. Hvorugkynsbeygingin er einföldust en aðeins kemur til greina *-s* í eignarfalli eintölu. Tafla (6) sýnir helstu beygingardæmi sterku beygingarinnar:

(6)

	KK	KVK	HK
	a.	c.	e.
NF.	<i>hest-ur</i>	<i>rós-Ø</i>	<i>svín-Ø</i>
ÞF.	<i>hest-Ø</i>	<i>rós-Ø</i>	<i>svín-Ø</i>
ÞGF.	<i>hest-i</i>	<i>rós-Ø</i>	<i>svín-i</i>
EF.	<i>hest-s</i>	<i>rós-ar</i>	<i>svín-s</i>
	b.	d.	f.
NF.	<i>lit-ur</i>	<i>vík-Ø</i>	<i>kvæði-Ø</i>
ÞF.	<i>lit-Ø</i>	<i>vík-Ø</i>	<i>kvæði-Ø</i>
ÞGF.	<i>lit-Ø</i>	<i>vík-Ø</i>	<i>kvæði-Ø</i>
EF.	<i>lit-ar</i>	<i>vík-ur</i>	<i>kvæði-s</i>

Gert er ráð fyrir að orð hafi aðeins aðra beyginguna, annað hvort sterka eða veika (t.d. Björn Guðfinnsson 1979:27). Þannig hljóta öll orð sem enda á sérhljóði í eignarfalli eintölu (eða öllum föllum eintölu eins og sumstaðar er tekið fram) að beygjast veikt. Í veiku karlkyni er aðeins eitt mynstur en það er *-a* ending í aukaföllum. Kvenkynið hefur tvö beygingarmynstur, *-u* í aukaföllum og *-i* í allri eintölubeygingu. Hvorugkynið er einfaldast, endar á *-a* í öllum föllum:

(7)

	KK	KVK	HK
	a.	c.	e.
NF.	<i>tím-i</i>	<i>tung-a</i>	<i>aug-a</i>
ÞF.	<i>tím-a</i>	<i>tung-u</i>	<i>aug-a</i>
ÞGF.	<i>tím-a</i>	<i>tung-u</i>	<i>aug-a</i>
EF.	<i>tím-a</i>	<i>tung-u</i>	<i>aug-a</i>

	b.	d.	f.
NF.		<i>reiði-Ø</i>	
þF.		<i>reiði-Ø</i>	
þGF.		<i>reiði-Ø</i>	
EF.		<i>reiði-Ø</i>	

Beygingardæmin í (6) og (7) sýna í hverju aðgreining veiku og sterku beygingarinnar er fólgin í hefðbundinni lýsingu á beygingakerfinu. Sú skipting, og reyndar beygingarflokkun yfirleitt, hefur verið dregin í efa því hún hafi í raun ekki gildi í málkerfinu sjálfu heldur aðeins í lýsingu á því. Höskuldur Þráinsson (2006:200) stingur upp á því að beygingarnar séu heldur kallaðar sérhljóða- og samhljóðabeyging eftir endingum í beygingu og bendir réttilega á að sú nafngift sé mun skýrari. Það væri á sama hátt hægt að láta beygingarnar heita flókna beygingin og einfalda beygingin.

Óvissan um hvort þessi flokkur orða skuli sagður beygjast veikt eða sterkt kemur einnig fram þegar orðunum er skipt niður eftir beygingarmynstrum. Eins og nánar verður rætt í kafla 3 hér á eftir er hægt að flokka öll kvenkynsorð sem enda á *-i* í nefnifalli niður í sex ólík beygingardæmi sem sýna öll viðurkennd beygingarmynstur:

(8)

	1	2	3	4	5	6
ET.	<i>reiði-Ø</i> <i>reiði-Ø</i> <i>reiði-Ø</i> <i>reiði-Ø</i>	<i>gleði-Ø</i> <i>gleði-Ø</i> <i>gleði-Ø</i> <i>gleði-Ø</i>	<i>lygi-Ø</i> <i>lygi-Ø</i> <i>lygi-Ø</i> <i>lygi-Ø</i>	<i>fiski-Ø</i> <i>fiski-Ø</i> <i>fiski-Ø</i> <i>fisk-jar</i>	<i>exi-Ø</i> <i>exi-Ø</i> <i>exi-Ø</i> <i>ax-ar</i>	<i>byrði-Ø</i> <i>byrði-Ø</i> <i>byrði-Ø</i> <i>byrði-Ø/-ar</i>
FT.	- - - -	<i>gleð-ir</i> <i>gleð-ir</i> <i>gleð-um</i> <i>gleð-a</i>	<i>lyg-ar</i> <i>lyg-ar</i> <i>lyg-um</i> <i>lyg-a</i>	- - - -	<i>ax-ir</i> <i>ax-ir</i> <i>öx-um</i> <i>ax-a</i>	<i>byrð-ar</i> <i>byrð-ar</i> <i>byrð-um</i> <i>byrð-a</i>

Hefðbundin lýsing á beygingarkerfinu eins og sú sem lýst hefur verið sýnir að orð eins og *reiði*, *gleði* og *lygi* eru almennt túlkuð endingarlaus og *-i* endingin sem

viðskeyti. Þau enda á sérhljóði í beygingu eins og *tími*, *tunga* og *auga* og á þeim forsendum eru orðin sögð hafa veika beygingu. Í beygingarlýsingu Eiríks Rögnvaldssonar (1990) eru orðin afbyggð á sama hátt, með orðmyndunarviðskeytið *-i*- og núllendingu en þar eru þau aftur á móti sögð beygjast sterkt. *-i* er túlkað sem hluti stofns, en ekki ending og í fleirtölumyndum eins og nf.ft. *gleðir* er gert ráð fyrir brottfalli *-i* þar sem beygingarending hefst á sérhljóði (*-ir*) vegna almennrar reglu um að tvö áherslulaus sérhljóð geti ekki staðið saman (Eiríkur Rögnvaldsson 1990:92). Orðin hafa því núllendingu eins og sýnt er í (8) og þar af leiðandi sömu formgerð og kvenkynsorðin *rós*, *vík*, *verslun*, *móðir* o.s.frv. (*reið-i-Ø*, *rós-Ø*, *vík-Ø*, *versl-un-Ø*, *móðir-Ø*). Orðin eiga það sameiginlegt að vera kvenkyns og af gerðinni #X-Ø#. <sup>6</sup> Ómörkuð beyging þeirra er eins og fyrsta orðsins *rós* (6c) en hið ómarkaða er á einhvern hátt hið eðlilega eða hlutlaus. Beyging orðanna *reiði*, *vík*, *verslun* og *móðir* þarf samkvæmt þessu að læra sérstaklega. Málkunnáttufræði gerir ráð fyrir að óreglulega beygingu þurfi að læra sérstaklega því hana er ekki hægt að leiða út eftir almennum reglum.

Lítið er vitað fyrir víst um orðasafnið í huga málhafa (og var kynnt til sögunnar í kafla 1.1) en um það hafa ýmsar kenningar komið fram og um hver tengsl þátta þess eru innbyrðis. Hefðbundin sýn málkunnáttufræðinnar er að líta á orðasafnið sem eins konar opna og einstaklingsbundna orðabók hugans/heilans. Orðasafnsþættir (e. *lexical feature*) eru atriði sem varðveitt eru í orðasafninu og eru fastir fylginautar orðs, t.d. kyn nafnorða. Orðasafnið geymir svokallaðar orðasafnsmyndir (e. *lexical word*). Gert er ráð fyrir að með orðasafnsreglum leiði orðasafnsmynd af sér aðrar beygingarmyndir orðs sem beygist reglulega. Í málkerfi íslensku er nefnifall hið ómarkaða gagnvart hinum föllunum. Þannig er eignarfall eintölu orðsins *hestur* fyrirsegjanlegt út frá nefnimyndinni, nf.et. *hestur*, ef.et. *hests* en orð með óreglulega beygingu þarf að læra sérstaklega, t.d. nf.et. *maður*, ef.et. *manns*. Börn á máltökuskeiði virðast fyrst grípa til hinna ómörkuðu orðasafnsmynda í orðasafni sínu en læra svo smátt og smátt að beita reglum til að leiða af orðasafnsmyndinni hina réttu beygingarmynd. Orðasafnsregla sem

---

<sup>6</sup> Orðmyndir eru afmarkaðar með tvíkrossum (#), X táknar stofn og Ø er beygingarending (í þessu tilfelli núllending).

barn beittir á orðasafnsmyndina *hestur* til að mynda ef.et. er hægt að lýsa á eftirfarandi hátt:<sup>7</sup>

$$(9) \quad \#X - \{r/\emptyset\}\# \longrightarrow \#X-s\#$$

$$\begin{bmatrix} +fallo \\ -kvk \\ -ft \\ +eignarf \end{bmatrix}$$

Á sama hátt mætti lýsa almennri reglu um eignarfall eintölu kvenkynsorða af gerðinni  $\#X-\emptyset\#$ :

$$(10) \quad \#X-\emptyset\# \longrightarrow \#X-ar\#$$

$$\begin{bmatrix} +no \\ +kvk \\ -ft \\ +eignarf \end{bmatrix}$$

Beygingareglurnar í (9) og (10) lýsa fyrirsegjanlegum eða ómörkuðum reglum fyrir eignarfall eintölu í karlkyni og kvenkyni. Undantekning frá reglu (9) myndu vera orð eins og *litur* (sjá (6b)) og undantekning frá reglu (10) myndu vera orð eins og *vík* (sjá (6d)).

Orðin *reiði*, *gleði* og *lygi* eru eins í allri eintölubeygingu og það hlýtur að teljast í hæsta máta óreglulegt. Ef *reiði* myndi beygjast reglulega (og þá fyrirsegjanlega) fengi það *-ar* eða *-ur* í eignarfalli eins og önnur kvenkynsorð með núllendingu, sjá beygingardæmi (6c) og (d). Orðmyndin ef.et. *reiðar* kemur reyndar fyrir í málinu allt frá fornu máli og segja má að ef beitt er reglunni í (10) sé verið að grípa til markaðrar reglu um myndun eignarfalls eintölu.

## 2.2 Tíðnirannsókn Ástu Svavarsdóttur

Hluti rannsóknar Ástu Svavarsdóttur (1993) á beygingakerfi íslenskra nafnorða er tíðniathugun sem ætlað var að varpa ljósi á hvort formlegir þættir væru markaðir í nafnorðabeygingu. Hún bendir á að nauðsynlegt sé að taka tillit til stærðar beygingarflokksins og einnig tíðni einstakra orða innan hans þegar tíðni beygingar er

---

<sup>7</sup> Innan fyrri tvíkrossa er orðasafnsmynd og örvar sýna orðmynd eftir að almennri beygingarreglu hefur verið beitt. Innan hornklofa eru þættir orðasafnsmyndar tilgreindir.



ákvörðuð. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að hlutfallsleg tíðni kvenkynsorða sem enda á *-i* í íslensku og eru eins í allri eintölubeygingu eru aðeins 1,53% miðað við heildarfjölda orða<sup>8</sup> og 3,67% miðað við heildarfjölda kvenkynsorða. Til samanburðar má nefna að hlutfallsleg tíðni kvenkynsorða sem beygjast eins og *rós* er 18,96% allra orða og 45,48% kvenkynsorða og er það algengasti flokkur kvenkyns. Miðað við þetta er óhætt að fullyrða að þau orð sem hér eru til umfjöllunar eru mjög óalgeng.

Í niðurstöðum Ástu Svavarsdóttur er ennfremur greint frá hlutfallslegri tíðni beygingarendinga út frá hlutverki hvernar og einnar. Ef litið er á endingu hefðbundins eignarfalls orða eins og *reiði* (-Ø) og það borið saman við endinguna sem er birtingarmynd málbreytingarinnar (-s) má sjá að hin síðarnefnda er í 100% tilfella bundin við eignarfall eintölu, það kemur aldrei fyrir í öðru hlutverki. Núllending (Ø) í eignarfalli eintölu er hins vegar mjög sjaldgæf. Hlutfallsleg tíðni núllendingar í ef.et. er 0,17% en borið saman við önnur hlutverk þá er -Ø í 27,03% tilfella í nf.et. og 32,87% í þf.ft. Það má út frá þessu ætla að barn á máltökuskeiði eigi auðvelt með að tileinka sér að beygingarendingin *-s* sé eignarfallsmerki og að reglan sem segir að beygingarendingin -Ø sé eignarfall er miklum mun þengri.

Tafla (11) sýnir hlutfallslega tíðni grunnmorfema hvers beygingarmorfems fyrir hvert fall í eintölu og fleirtölu (Ásta Svavarsdóttir 1993:104). Í rannsókn Ástu eru sýndar niðurstöður fyrir öll föll en hér er einungis sýnt eignarfall eintölu:<sup>9</sup>

(11)

EF.ET.	FJÖLDI ORÐA	% MYNDANS	KYN	FJÖLDI ORÐA	% MYND-BRIGÐIS	DÆMI
<i>-s</i>	<b>463</b>	<b>44,26</b>	<b>kk</b>	<b>128</b>	<b>27,65</b>	<i>dals</i>
			<b>hk</b>	<b>335</b>	<b>72,35</b>	<i>blaðs</i>
<i>-ar</i>	334	31,93	kk	56	16,77	<i>arnar</i>
			kvk	278	83,23	<i>nálar</i>
<i>-u</i>	118	11,28	kvk	118	100	<i>sögu</i>
<i>-a</i>	98	9,37	kk	95	96,94	<i>tíma</i>
			hvk	3	3,06	<i>auga</i>
<i>-i</i>	<b>20</b>	<b>1,91</b>	<b>kvk</b>	<b>20</b>	<b>100</b>	<i>lygi</i>

<sup>8</sup> Tíðnirannsóknin byggir á orðtíðniskrá Ársæls Sigurðssonar, Baldurs Jónssonar, Björns Ellertssonar og Eiríks Rögnvaldssonar og Vilhjálmis Sigurjónssonar. Stærst er skrá þeirra síðastnefndu (alls um 2,5 milljónir lesmálsorða) en hún samanstendur af mörgum textaflokkum (skáldverk, fræðirit, fréttir o.fl.).

<sup>9</sup> Þau beygingarmorfem sem hér eru til umfjöllunar eru auðkennd með feitlettri (leturbreyting GLG).

-ur	7	0,67	kvk	7	100	víkur
-Ø	4	0,38	kk	2	50	föður
			kvk	2	50	móður
-r	2	0,19	kvk	2	100	gjár

Eins og sjá má er *-s* algengasta eignarfallsmerking eintölu eða 44,26% miðað við aðrar endingar. Í hefðbundinni beygingu er dreifing *-s* í eignarfalli þannig að 27,65% tilfella er það í karlkyni en 72,35% í hvorugkyni. Flokkur kvenkynsorða eins og *reiði* og *lygi* er sá eini sem hefur *-i* endingu í ef.et. og aðeins eru fjögur orð í gagnagrunni rannsóknar Ástu sem fá núllendingu í ef.et. (orðmyndirnar *föður* og *móður* nefnd sem dæmi). Tafla (11) sem er hluti töflu Ástu Svavarsdóttur sýnir að eru orð eins og *lygi* (og *reiði*) eru túlkuð með beygingarmorfemið *-i* sem fram að þessu hafa verið greind endingarlaus (-Ø). Beygingarmynstur orðanna *móðir*, *faðir* og *lygi*, *reiði* er hið sama ef orðin eru öll greind á sama hátt með núllendingu í allri eintölubeygingu, en einnig eru til dæmi um að *faðir* fái *-s* í eignarfalli eintölu.

### 2.3 Aðrar rannsóknir tengdar eignarfalli

Beygingakerfi íslenskra nafnorða mætti kalla flókið miðað við mörg önnur tungumál en rannsóknir á máltöku hafa sýnt að tileinkun beygingar er með svipuðum hætti milli ólíkra tungumála að því leyti að börn tileinka sér fyrst hið einfalda. Fyrst lærir barnið hið ómarkaða nefnifall en síðar í máltökunni nær það tókum á almennum reglum sem leiða af sér hin föllin. Á vissu stigi alhæfir barnið reglur um myndun eignarfalls eins og þær sem sýndar eru í (9) og (10) (kafla 2.1) og síðan tileinkar það sér óregluna sérstaklega.

Ef litið er almennt til stöðu eignarfalls í íslensku má sjá að það kemur sjaldnast fyrir miðað við hin föllin en tíðni eignarfalls eintölu er 10,9% samkvæmt tíðnirannsókninni sem kynnt var í Íslenskri orðtíðnibók (1991:1157-1161). Tíðnirannsókn sem gerð var á textum Íslendingasagna gaf svipaða niðurstöðu eða að eignarfall hefur lægsta tíðni miðað við önnur föll, eða 9,62% (Eiríkur Rögnvaldsson 2000) og má af því ætla að staða eignarfalls sé að mestu óbreytt frá fornu máli til nútímans.

Þó að eignarfall virðist ekki vera að hverfa úr íslensku, á sama hátt og það hefur horfið úr öðrum skyldum málum,<sup>10</sup> hefur það miðað við hin föllin þrengst notkunarvið. Í Íslenskri orðtíðnibók kemur fram að tíðni eignarfalls er mismunandi eftir textaflokkum.<sup>11</sup> Hlutfallsleg tíðni eignarfalls (miðað við aðra textaflokka) er hæst í flokki fræðslutexta eða 19,3% en lægst í barna- og unglingabókmenntum eða 6% (Íslensk orðtíðnibók 1991:1161). Fræðslutextar einkennast af formlegum stíl og flókinni setningagerð en höfundar barna- og unglingabókmennta gætu meðvitað verið að einfalda málsnið til að auðvelda ungum lesendum sínum lesturinn og gæti einn þáttur þess verið að forðast eignarfallsnotkun.<sup>12</sup> Hér verður ekki reynt að skera úr um hvað beri að túlka sem afleiðingu og hvað orsök en víst er að barn heyrir sjaldnast orð í eignarfalli og miðað við önnur föll og það á erfiðara með að tileinka sér rétta mynd.

Af ofangreindu má ætla að það sé viðkvæmara fyrir breytingum en hin föllin og í ljósi þess má teljast eðlilegt að ýmissa frávika frá hefðbundnu eignarfalli gæti í tungumálinu fyrr og nú. Af málbreytingum sem rannsakaðar hafa verið og snerta eignarfall í íslensku ber helst að nefna svonefndan eignarfallsflótta. Sem dæmi um hann nefnir Helgi Skúli Kjartansson 1979:88) m.a. eftirfarandi dæmi:

- (12) Vegna fráfalls Georgs Ólafssonar, sem vann að ákveðnu verki á vegum félagsins, og *röskun* áætlunar um annað verk, varð ekki af útkomu rita... (Helgi Skúli Kjartansson 1979).

Í dæmi (14) er orðið *röskun* endingarlaust í eignarfalli eintölu. Bent hefur verið á að eignarfallsflótti geti vísað til ólíkra málbreytinga og að það mætti túlka dæmi eins og (12) á tvo vegu. Annars vegar má líta svo á að fallnotkunin samræmist ekki viðtekinni venju í beygingu orðsins *röskun*, sem sagt að gripið hafi verið til annars falls en eignarfalls. Hins vegar mætti halda því fram að um ranga fallmynd sé að ræða, að eignarfallið sé breytt. Á seinni árum hefur verið fjallað um orðmynd eins og þá skáletruðu í (12) sem dæmi um breytta eignarfallsmynd tiltekinna kvenkynsorða, þeirra

---

<sup>10</sup> Eignarfall er t.d. að mestu horfið úr færeysku (sjá t.d. Höskuld Thráinsson 2004:433)

<sup>11</sup> Textaflokkar Íslenskrar orðtíðnibókar (1991) eru fimm: Íslensk skáldverk, þýdd skáldverk, ævisögur og endurminningar, fræðslutextar og barna- og unglingabækur.

<sup>12</sup> Einnig hefur verið bent á að texti barnabóka sé líkari daglegu máli (Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir 2009).

með viðskeytið *-un*, og sú breyting aðgreind frá annarskonar frávikum frá hefðbundnu eignarfalli (t.d. Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir (2009:7-9).

Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir rannsakaði ýmis frávik frá hefðbundnu eignarfalli og lagði könnun fyrir þrjá aldurshópa sem fólst í mati þeirra á eignarfallsendingum. Einn liður könnunarinnar snéri að kvenkynsorðum sem enda á *-i* í nefnifalli með eignarfallsendinguna *-ar* (orð eins og *meri*, *helgi* og *ermi*). Niðurstöður Kristínar greina frá breytingu í eignarfalli orða af þessu tagi sem felst í því að eignarfallið verður endingarlaust. Kristín gerir ráð fyrir því að núllendingin sé sótt til eignarfalls orða eins og *elli*, *gleði* og *reiði* og talar um tilfærslu milli beygingarflokka.

Alls voru í könnun Kristínar lagðar fyrir hvern þátttakanda átta setningar af hverjum flokki, en alls voru rannsakaðir 9 flokkar orða þ.m.t. kvenkynsorð sem enda á *-i* í nefnifalli og fá í viðurkenndri beygingu *-ar* í ef.et. Helstu niðurstöður hvað varðar þann tiltekna orðflokk voru að málhafar hneigðust til að sleppa *-ar* endingunni í ef.et. og þá breytingu (ef.et. *helgar* > ef.et. *helgi* o.s.frv.) segir hún vera útbreiddasta og lengst á veg komna af þeim breytingum sem rannsakaðar voru. Þær niðurstöður eru merkilegar í samhengi við umfjöllun þessarar ritgerðar vegna þess að hefðbundið eignarfall orða eins og *reiði* (sem er fyrirmynd breytingarinnar *merar* > *meri* í ef.et. að mati Kristínar) á það til að fá *-s* í eignarfalli. Það hefur sem sagt tilhneigingu til að merkja eignarfall sitt sérstaklega eins og langflest önnur orð í íslensku en *meri* hneigist til hins gagnstæða og tekur upp núllendingu í eignarfalli eftir viðurkenndri beygingu orða eins og *reiði*.

### 3. Breytt eignarfallsmynd orða sem enda á *-i* í íslensku

Hér verður gerð grein fyrir rannsókn á kvenkynsorðum af gerðinni #X-Ø# sem endar á *-i* og tvímyndum þeirra í eignarfalli eintölu. Í ýmsum kennslubókum í málfræði, rannsóknum á máli fyrri alda og annarri umfjöllun, þar sem beygingarkerfi nafnorða kemur við sögu, hefur verið fjallað um málbreytinguna. Í kafla 3.1 verður farið yfir umfjöllun nokkurra þessarra rita og dæmi þeirra um breytinguna. Í kjölfarið er gerð grein fyrir rannsókn sem var gerð á þessum flokki orða, sem fólst í flokkun orðanna og dæmasöfnun, m.a. með það að markmiði að varpa skýrara ljósi á hvers vegna málbreytingin kviknaði. Í kafla 3.3 er helstu niðurstöðum teflt fram og þær ræddar.

#### 3.1 Samantekt yfir fyrri umfjöllun

Kennslubækur Iversens og Noreens í forníslensku minnst lítillega á málbreytinguna í beygingarlýsingum sínum. Iversen (1994) segir að um flutning milli beygingarflokka sé að ræða í orðum eins og *fræði* (þau eru venjulega flokkuð til *īn*-stofna) en *-s* endingin er ekki útskýrð sérstaklega í orðmyndum eins og *kristnis*. Noreen (1903) nefnir að *forvitne*, *frændseme*, *kristne*, *reiþe* geti fengið *-s* endingu í eignarfalli. Í athugun Jóns Þorkelssonar (1874) á íslenskum málmyndum á 14. og 15. öld er kafli helgaður málbreytingunni, hann nefnir sömu dæmi og þau sem koma fram í lýsingum á íslensku máli að fornu og til viðbótar þessi:

- (13) ágirni, atgervi, bindandi, fáfræði, forvitni, frændsemi, góðfýsi, gestrisni, hlýðskyldi, hógværi, illgirni, kristni, margfræði, reiði, skuldfesti, þolinmæði.

Í rannsókn sinni á máli Guðbrandsbiblíu frá 16. öld segir Oskar Bandle (1956) *-i* vera hið eiginlega eignarfall en að *-ar* og *-is* sé einnig þekkt. Sem dæmi um *-s* endinguna úr Guðbrandsbiblíu nefnir hann eftirfarandi dæmi:

- (14) a. gjörsemi: af gjörsemis Gripum  
b. hræsni: hræsnes Munnur  
hræsnis laust  
c. fjölkyngi: i. nockurn Fjölkyngismann  
ii. Fjölkingismenn

d. lausmælgí:    fyrer Lausmælgis saker

- e. prýði:    i.    þeim til Prydis  
              ii.    Prydes fegurð

Í (14a), (b) og (c) er hægt að túlka *-s* á samsetningaskilum sem tengihljóð en til samanburðar við (c) svo nefnir hann einnig dæmi þar sem fjölkyngi stendur í eignarfalli með forsetningunni *til* (*til Fiðlkíng*) og þar er orðmyndin endingarlaus. Til samanburðar við (d) er tekið dæmi þar sem samstofna orð er ótvírætt í eignarfalli en er endinarlaus: *fyrer þínnar margmælg* saker. Til samanburðar við (e) er bent á að prýði geti líka staðið endingarlaus í eignarfalli: *vegna þínnar fegurðarprýde*. Dæmin sem hann nefnir um *-s*, hvort sem það er á skilum eða þar sem orðið er ótvírætt í eignarfalli, og þau sem hann nefnir til samanburðar, gefa vísbendingu um að *-s*-ið sé ekki skilyrt af morfólógískum þáttum eða þáttum eins og atkvæðafjölda. Báðar orðmyndir eru sem sagt mögulegar. Ástæður þessara tilbrigða telur Bandle liggja í áhrifum frá beygingarmynstrum annarra algengra kvenkynsorða (*ō*-stofna) annars vegar og hvorugkynsorða með svipaða formgerð hins vegar (*i*ja-stofna):

- (15) a.    nf.et. *skipun*        :    ef.et. *skipanar*  
          nf.et. *reiði*        :    ef.et. *X*;            *reiðar*
- b.    nf.et. *kvæði*        :    ef.et. *kvæðis*  
          nf.et. *reiði*        :    ef.et. *X*;            *reiðis*

Í (15) má sjá hefðbundna framsetningu áhrifsbreytingar en orðmyndin *reiðar* er sögð komin til fyrir áhrif frá ef.et. kvenkynsorða eins og *skipun* (15a) en *reiðis* vegna áhrifa frá hvorugkynsorðum eins og *kvæði*.

Í formála að útgáfu Orðabókar Gunnlaugs Oddssonar (Jón Hilmar Jónsson 1991: xxvii-xxviii) er stuttur kafli tileinkaður endingunni *-s* sem örlar á meðal *īn*-stofna kvenkynsorða. Tekin eru saman fjölmörg dæmi úr skrifum Gunnlaugs með setningarfræðilegu samhengi og gerð grein fyrir orðmyndum með *-s* í eignarfalli sem áhrifsmýndunar:

- (16) Dæmi með fs. *til*: þær krøptugustu uppörfanir til ráðvendnis og heilagleika (Lv.I,60),brúka vora krapta til árveknis og bænar (Lv. I 63), hans hreina kíerleika til sannsøglis (Lv. I, 162, ad hvetia sína landsmenn til eptirbreitnis (Lv.

I, 186), uppørfast til eptirbreitnis (Lv. I, 188), til dygðar og ráðvendnis (Lv. I, 196), í tilliti til þeirra eigin gagnsemis (Lv. II, 14), vegna lesaranna illgirniss (Lv. I, 64), án eigingyrnis (Lv. II, 28), án þacklátsemis við Gud (Lv. II, 165), hvað alleina er þeim til þryðis ætlað (Lv. II, 198), í tilliti til ... óhófsemis (Land. IV, 275)<sup>13</sup>

- (17) Dæmi með fallstjórn nafnorða og sagna: fölnudu bráðum ávextir starfsemis þeirra og manndómligu atburða (Land. IV, 377), ollu sundurlyndis (Lv. II, 68), veldr... óheilnæmis (Land. IV, 296)
- (18) Dæmi sambeygð lýsingarorðum og fornöfnum:orsök og upphaf betri stjórnsemis (Land. IV, 387), euk ennar almenniligu gagnsemis (Lv. I, 11), trausti til þeirra barnligu hlýðnis (Lv. II, 6), uppspretta vorrar rósemis og huggunar (Lv. II, 90) í miklu álitu vegna sinnar gudræknis (Lv. II, 139), upphvetur hana til stödugrar eptirbreitnis þess bodords (Lv. II, 186), sökum þessarar frændsemis við Iesu (Lv. II, 190)
- (19) Dæmi sem sýna að málbreytingin nær frekar til samsettra orða: til brots hervirkja lygi og siálfhælnis (Lv. II, 34), til þvítíkrar samdrægnis og gleði (Lv. I, 192), at þeim sé ei varnat hreysti, trygðar og einlægnis (Land. IV, 184).

Það má af umfjöllun Jóns Hilmars ráða að meginniðurstaðan sé að áhrifsmýnda með –s endingu í eignarfalli gæti einkum á skilum samsetningarliða, þar sem endingin er rótgróin í sumum orðum. Ýmislegt fleira vekur athygli varðandi dæmin en flest dæmin sem tekin eru saman í (16) til (19) sýna samsett orð og í (19) má sjá að samsett orð og ósamsett í sama umhverfi geta fengið ólíkar endingar. Það gæti annars vegar bent til þess að setningafræðilegt umhverfi sé ekki áhrifaþáttur í málbreytingunni og hins vegar mætti túlka það sem rök fyrir því að hún nái síður eða ekki til ýmissa ósamsettra orða. Dæmin í (18) mætti túlka sem rök fyrir því að –s í eignarfalli orða eins og þeirra sem hér eru í forgrunni sé ekki hægt að skýra með beinum áhrifum frá hvorugkynsorðum eins og haldið hefur verið fram (t.d. Bandle 1956). Þegar orðin standa á þennan hátt með lýsingarorðum og fornöfnum, og sambeygjast þeim, má glögg sjá að orðin eru túlkuð kvenkyns. Ekki er um endurtúlkun orðanna í hvorugkyni að ræða. Af því má álykta –s ending gangi á öll þrjú kyn.

---

<sup>13</sup> Lv. I og II vísar til fyrsta og annars bindis þýðingar Gunnlaugs Oddssonar á riti R. Møller: *Leidarvísir til að lesa hið Nýja Testament með gudrækni og greind: einkum handa ólærdum lesurum* (1822-1823). Land. vísar til skrifa Gunnlaugs Oddssonar í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði eftir Grím Jónsson* (1821).

Nýleg rannsókn Jóhannesar B. Sigtryggssonar á málinu *Ævisögu Jóns Steingrímssonar* frá 18. öld staðfestir flest sem áður hefur verið sagt um kvenkyns *ín-*stofna og segir að helsta breyting á beygingu þeirra frá forníslensku sé að í eignarfalli fái orðin ýmist *-s* eða *-ar* endingar (Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:145-6). Ennfremur segir að upprunalega hafi orðin haft sömu endingu í öllum föllum (*-i*) og að svo virðist sem þörf hafi verið á að merkja eignarfallið.

### 3.2 Ný rannsókn – markmið og aðferð

Eins og kynnt var í kafla 3.1 hér á undan vitna heimildir frá fornu máli til nútímans um málbreytinguna sem felst í því að orð eins og *reiði* getur fengið breytta eignarfallsmynd. Þessari rannsókn er ætlað að varpa skýrara ljósi á ýmsa þætti sem ræddir hafa verið.

Að ósk þeirrar sem þetta skrifar útvegaði Kristín Bjarnadóttir ritstjóri Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls<sup>14</sup> orðalista sem liggja rannsókninni til grundvallar. Orðalistarnir eru unnir úr gagnagrunni BÍN og sá fyrri (orðalisti 1) telur öll ósamsett kvenkynsorð sem enda á *-i* í nefnimynd, alls 267 orð. Síðari orðalistinn (orðalisti 2) er stikkprufa úr stafrófinu og inniheldur öll samsett kvenkynsorð sem enda á *-i* í nefnimynd með upphafsstafina *r*, *s* og *t*, alls 1209 orð. Orðalisti 1 var stytur um öll sérnöfn á þeirri forsendu að beyging sérnafna og samnafna er ekki sambærileg. Eftir stóðu 255 samnöfn sem voru flokkuð eftir viðurkenndum beygingarmynstrum og síðan slegið inn í leitarvél á vef Ritmálssafns Orðabókar Háskólans<sup>15</sup> og öll dæmi um *-s* í eignarfalli skráð niður. Orðalisti 2 var að sama skapi stytur um öll sérnöfn og ákveðið að takmarka listan enn frekar um öll fleirsamsett orð, samsett úr þremur stofnhlutum. Alls fengu 231 sérnafn og 263 fleirsamsett orð að fjúka. Eftir stóð 716 orða listi af kvenkynsorðum samsettum úr tveimur stofnhlutum þar sem síðari liður endar á *-i*. Alls voru 971 orð flokkað eftir beygingarmynstrum og orð hvers flokks voru greind eftir viðskeytum. Öllum orðum var því næst slegið inn í leitarvél ROH og dæmi um *-s* í eignarfalli skráð. Dæmin voru skoðuð með tilliti til aldurs og setningafræðilegs

---

<sup>14</sup> Eftirleiðis BÍN

<sup>15</sup> Eftirleiðis ROH. ROH er að hluta aðgengilegt á vefnum á heimasíðu Árnastofnunnar. Seðlasafnið sem staðsett er á Neshaga 16 telur yfir 600 þúsund uppflettiorð og um tvær milljónir dæma sem spanna tímabilið frá 1540 til nútímans. ROH þótti hentugur gagnagrunnur fyrir athugun af þessu tagi þar sem það hefur að geyma samansafn ýmissa tilbrigða í málinu og nær yfir langt tímabil.



umhverfis en eins og áður hefur komið fram voru dæmi þar sem hægt er að túlka *-s* sem bandstaf ekki skoðuð nánar.

### 3.3 Niðurstöður


Öll ósamsett kvenkynsorð (samnöfn) sem enda á *-i* í BÍN (orðalisti 1) voru flokkuð niður eftir beygingarmynstrum í eftirfarandi flokka:

(20)

	1	2	3	4	5	6
ET.	<i>reiði</i> <i>reiði</i> <i>reiði</i> <i>reiði</i>	<i>gleði</i> <i>gleði</i> <i>gleði</i> <i>gleði</i>	<i>lygi</i> <i>lygi</i> <i>lygi</i> <i>lygi</i>	<i>fiski</i> <i>fiski</i> <i>fiski</i> <i>fiskjar</i>	<i>exi</i> <i>exi</i> <i>exi</i> <i>axar</i>	<i>byrði</i> <i>byrði</i> <i>byrði</i> <i>byrði/-ar</i>
FT.	- - - -	<i>gleðir</i> <i>gleðir</i> <i>gleðum</i> <i>gleða</i>	<i>lygar</i> <i>lygar</i> <i>lygum</i> <i>lyga</i>	- - - -	<i>axir</i> <i>axir</i> <i>öxum</i> <i>axa</i>	<i>byrðar</i> <i>byrðar</i> <i>byrðum</i> <i>byrða</i>


Í töflu (20) má sjá sex beygingardæmi sem ná yfir öll tilbrigði í viðurkenndri beygingu orðanna. Flokkunin leiddi í ljós að mikill meirihluti ósamsettra kvenkynsorða sem enda á *-i* í nefnimynd tilheyra 1. flokki. Þau eru eins í öllum föllum eintölu, ekki til í fleirtölu vegna óhlutbundinnar merkingar og eru flest leidd af lýsingarorðum (t.d. lo. *hlýðinn* > no. *hlýðni*, lo. *prúður* > no. *prýði* o.s.frv.) með orðmyndunarviðskeytinu *-i*.<sup>16</sup>

<sup>16</sup> Hjá orðum eins og *exi* og *byrði* (5. og 6. flokki) hefur vsk. *-i* tekið við af vsk. *-r* (síðar > *-ur*).



Mynd 1. Dreifing orðalista 1 eftir beygingarmynstrum.

Mynd 1 sýnir hlutfallslega dreifingu orðalista 1 eftir beygingarmynstrum. Í 1. flokki eru 233 orð af 254 eða 91,7%. Sundurliðun 1. flokks eftir viðskeytum sýnir að ríflega helmingur hefur viðskeytið *-ni* og tæpur þriðjungur endar á *-i*. Nákvæm sundurliðun eftir viðskeytum er sýnd í myndriti (2):



Mynd 2. Sundurliðun 1. flokks eftir viðskeytum.

Eins og fyrr kom fram er beygingarmynstur 1 ríkjandi. Aðeins 21 orð hefur annarskonar beygingu og eru sundurliðuð í (21):

(21) Orðalisti 1

2. flokkur: *gleði, ævi, keppni, beiðni, tíðni, teiti, veiki, sýki, lafði*

3. flokkur: *lygi*

4. flokkur: *fiski*


5. flokkur: *exi, öxi*

6. flokkur: *byrði, ermi, eyri, festi, heiði, helgi, meri, mýri, veiði*


Orð 2. flokks hafa flest tvö merkingarsvið og tvenns konar beygingu. Upprunalega var merking þeirra óhlutbundin, þau eins í öllum föllum eintölu og ekki til í fleirtölu. Þau geta því einnig talist til 1. flokks. Orðin *gleði, ævi, keppni, beiðni, tíðni, teiti, veiki* og *sýki* hafa víkkað út merkingu sína og geta vísað til teljanlegra, hlutbundinna fyrirbæra. *Gleði* getur t.d. vísað til þess að *vera glaður* og einnig til viðburðar eða skemmtunar (sbr. *áramótagleði*). *Lygi* er eina orð 3. flokks og hefur tvöfalt merkingarsvið eins og orð 2. flokks.

Orð 5. og 6. flokks skera sig úr hvað varðar uppruna og myndun. Orðin *exi, öxi, byrði, ermi, eyri, festi, heiði, meri, mýri* og *veiði* flokkast í beygingarlýsingum forníslensku til *ijō*-stofna og *-i* ending í nefnifalli er talin komin úr þolfalli eða þágufalli innan sama beygingardæmis t.d. *byrðr/byrði/byrði/byrðar* > *byrði/byrði/byrði/byrðar*. (Sjá t.d. Hægstad og Torp 1909:xliii).

Samsettu orðunum (orðalista 2) var skipað í flokka eftir viðurkenndri beygingu og niðurstöður bornar saman við niðurstöður ósamsettu orðanna. Myndir 1 og 3 sýna að dreifing eftir beygingarmynstrum er með svipuðu sniði í samsettu og ósamsettu orðunum.



Mynd 3. Dreifing orðalista 2 eftir beygingarmynstrum.



Mynd 4. Sundurliðun 1. flokks samsettra orða eftir síðari samsetningahlutum.

Fyrsti flokkur eru orð sem enda á *-i* í öllum föllum eintölu og eru ekki til í fleirtölu. Þau eru alls 485 eða tæp 68% allra samsettu orðanna. Mynd (4) sýnir sundurliðun þeirra eftir síðari samsetningahlutum. Stærstur er hópur þeirra orða sem hafa *-fræði* sem síðari samsetningahluta, alls 83 orð. Alls 231 orð með 19 ólíka seinni samsetningahluta hafa annars konar beygingu og er dreifing þeirra sýnd í (22):

(22) Orðalisti 2

2. flokkur: *-veiði, -keppni, -sýki, -gleði, -tíðni, -beiðni, -ævi*
3. flokkur: *-lygi*
4. flokkur: *-fiski*
5. flokkur: *-öxi*
6. flokkur: *-smíði, -mýri, -festi, -byrði, -helgi, -heiði, -meri, -ermi, -eyri*

Öllum ósamsettum orðum (orðalista 1) var slegið upp í ROH og sýndu 7 orð alls 29 dæmi um *-s* endingu í eignarfalli:

(23)

a.	bekkn	i. og teljum sjálfsagt, að það sé uppspuni til bekkis við biskupinn.
		ii. Lárus sýslumaður og Sigurður Pálsson [ [...]] munu hafa haldið, að Sk.Th. væri það til bekkis, ef endastöð „telephonsins“ væri flutt úr húsi hans á

		Ísafirði.
		iii. svo sem hún vann flest eða allt í óþökk byggðarmanna eða þeim til bekknis.
b.	heppni	Það villde til heppnes, að eg ecke sende Aunnu sögu ut i firra.
c.	hlýðni	i. lofade [Gísli] fullkomlega að g" {a} nga til hlydnes og giefu allt sitt m" {a} l Gude i valld.
		ii. og setia honum fyrer siöner hver ölucka honum yferh" {a} nge nema hann gangi til hlydnis við Gud og hanss kirkiu.
		iii. ef skie mætte / að þeir Otömu kynne þar með að leidast til hlijdnis.
		iv. til Hlijdnis Christo.
		v. að Paschainn Oglu strax [ [...]] hafi fallid til hlýdnis.
		vi. er að vísu lysir eins födurs hugsyki fyrri barna sinna yfirsíönnum, en jafnframt hans trausti til þeirra barnligu hlydnis.
		vii. að kúga uppreisnarmenn aptur til hlýdnis.
d.	iðni	Eg ræð hönum til idnis.
e.	kerskni	það, sem ekkert er nema kesknis gaman.
f.	leikni	i. hjer er tvisvar sama ordid, sem líti mun þykja, en þýdir þó sitt hvört, og er gjört til leiknis.
		ii. og varla mundu þeir [::menn] gjöra það til leiknis að eiga skipin ár eptir ár, ef þeir álitu þau ómaga sína.
		iii. er sagt, að hann hafi gert það til leiknis, til að reyna, hvort það væri satt, að dreki kæmi úr arnareggi.
		iv. Oft hafa börn það til leiknis sér að henda grjóti ofan af hæðum.
		v. þú hefir þér til leiknis að vekja í þér þær efasemdir um einstaka hluti, er.
		vi. þrír [ [...]] hafa sjer til leiknis, að hlaupa á kaf framm af háum bökkum.
		vii. er eins og allt of margir gjöri sjer það til leiknis, að fara þá í kaupstað.
g.	prýði	i. Klædid er til prýdis.
		ii. Þar til hann hefir bygt Jerúsalem, og hafit hana til prýdis á jördunni.
		iii. það er torveldt og óþsinnis ómöguligt að tilgéta, hvað í afmálun hér framsettra hugminda er sérilagi veruligt og þydingarfullt, og hvað alleina er þeim til prýdis ætlad.
		iv. Hann óskar að fá málaða töflu með hvítu betri á svörtu [ [...]] til endurminningar og prýdis í kirkjunni.

		v. trjáplöntur, annaðhvort til prýðis á heimilum sínum eður sem tilraunir til nota.
		vi. að réttara sé við setjum veglega myndastyttu á opnu plázi Rkv. til prýðis og landinu til sóma.
		vii. það er sannarlega eigi til prýðis.
		viii. Tveir eru of fáir til að decentralisera, en of margir til prýðis.
		ix. hitt er fyrir utan og lítt til prýðis.

Öllum samsettu orðum rannsóknarinnar var slegið upp í ROH og sýndu 7 orð alls 10 dæmi um –s í hlutverki eignarfalls:

(24)

a.	rangsleitni	i. sökum Raangleitnis þeirra / er Reittenum siga að stjira.
		ii. að útfararkostnaður jöfnuðurinn til þess hjóna, sem leingur lifir, sé betur af numinn með öllu; nóg geta samt verið tildrög til rángsleitnis manna á milli.
		iii. hinn heimskulega illinda-ávana þeirra [::blaða] og rangsleitnis í umræðum um landstjórnarmál.
b.	ráðvendni	so munum vér [...] finna naudsyn til þessa [...] guddómlega kraptar til dygdar og ráðvendnis.
c.	réttsýni	Jnnlegg systlumansenz Sigurdar Jönssonar með hveriu hann setur til prestanna riettsynis, hvert Einare hafe ej öleifelegt vered að begiera soddann lausslætiz [svo] ofdyrfsku af Gudrunu Hiallta dottur
d.	rósemi	og vill stía vorum hiørtum frá Guds ordi, sem er hin einasta sanna uppspretta til vorrar rósemis og huggunar.
e.	sérplægni	vegna sérplægnis þess peningamángara.
f.	siðprýði	i. bæði fyrir siðprýðis sakir og náms.
		ii. hvatti hann [ [...]] börnin til ástundunar og siðprýðis.
g.	söðlasmiðis	hann [::pappír] er notaðr til [ [...]] söðlasmiðis.

Niðurstöður rannsóknarinnar má flokka í þrennt: Tölfræði beygingarflokkunar, tölfræði dæmaleitar og önnur athyglisverð atriði:

1. a. Ríkjandi meirihluti orðalista 1 (ósamsett orð) er endingarlaust í eintölu í viðurkenndri beygingu (1. flokkur) eða 91,7%

- b. Ríflega helmingur 1. flokks hefur viðskeytið *-ni* eða 55,3% en það er næstum helmingur allra ósamsettu orðanna.
  - c. Meirihluti orðalista 2 (samsett orð, stikkprufa) er endingarlaust í eintölu í viðurkenndri beygingu (1. flokkur) eða 67,7%
  - d. Hlutfallslega flest orð 1. flokks hafa *-fræði* sem síðari samsetningarlið eða 17,1%
- 2.
    - a. Leit að dæmum með orðalista 1 gaf 7 orð og alls 29 dæmi um *-s* í eignarfalli.
    - b. Leit að dæmum með orðalista 2 gaf 7 orð og alls 10 dæmi um *-s* í eignarfalli.
- 3.
    - a. Aldur dæma vitnar um að *-s* myndir í eignarfalli lifa með endingarlausum orðmyndum á öllum tímum og ekki var hægt að greina aldursstig í málbreytingunni.
    - b. Öll orð sem fá *-s* í eignarfalli eru í 1. flokki.
    - c. Ekki fá öll orð 1. flokks *-s* í eignarfalli þrátt fyrir að fræðilega séð sé ekkert því til fyrirstöðu. Orð sem enda á *-i* í nefnifalli og eru óbreytt í allri eintölubeygingu eru sjaldgæf miðuð við aðra beygingarflokka.
    - d. Vísbendingar eru um það í nútímamáli að *-s* ending í eignarfalli gangi á öll þrjú kyn og um það vitna t.d. dæmi í kafla 3.1.

#### 4. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um *-s* endingu í eignarfalli kvenkynsorða í íslensku sem enda á *-i*. Í upphafi voru kenningar um meðfædda málkunnáttu kynntar til sögunnar og fjallað um tungumál og málbreytingar einkum með tilliti til þeirra sem virðast eiga upptök sín í máltöku barna. Hefðbundinni beygingarlýsingu íslensks nútímamáls var lýst og einnig beygingarlýsingu frá sjónarhóli málkunnáttufræði. Litið var til niðurstaðna ýmissa rannsókna en helst ber að nefna tíðnirannsókn Ástu Svavarsdóttur á beygingakerfi íslenskra nafnorða og rannsókn Kristínar Áslaugar Þorsteinsdóttur á stöðu eignarfalls í íslensku. Fyrri umfjöllun um málbreytinguna, sem birtist í breyttri eignarfallsmynd orða eins og reiði, var dregin fram og loks gerð grein fyrir nýrri rannsókn á þessum flokki orða. Helstu niðurstöður eru að aldur dæma vitnar um að *-s* myndir í eignarfalli lifa með endingarlausum orðmyndum á öllum tímum og ekki var mögulegt að greina stig málbreytingarinnar ef litið var til aldurs. Áður hefur verið talið að *-s* ending orða eins og *reiði* sé komin til vegna áhrifa frá hvorugkynsorðum af svipaðri gerð (t.d. *klæði* eða *kvæði*). Vísbendingar eru um að *-s* ending sé kynlaus ef svo má segja, eða án þáttamerkingarinnar kyn, og gangi af þeim sökum ekki í orðum eins og *reiði* án þess að þurfi að endurtúlka sem hvorugkyn. Það sést glöggt þegar orðin standa með lýsingarorðum og fornöfnum og sambeygjast þeim.



## Heimildaskrá

- Ásta Svavarsdóttir. 1993. *Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*. Bibliotheca arnamagnæana. Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard.
- Björn Guðfinnsson. 1979. *Íslensk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Björn K. Þórólfsson. 1987. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formálinu*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Chomsky, Noam. 1965. *Aspects of the Theory of Syntax*. Cambridge: The MIT Press
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language: Its Nature, Origin, and Use*. New York, Connecticut og London: Praeger.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2000. „Föll og kyn að fornu og nýju“. *Orðhagi: afmælikveðja til Jóns Aðalsteins Jónssonar 12 október 2000* :36-38. Reykjavík.
- Guasti, Maria Teresa. 2002. *Language Acquisition. The Growth of Grammar*. Cambridge: The MIT Press.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga II. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Gunnlaugur Oddsson. 1991. *Orðabók sem inniheldur flest fágæt, framandi og vandskilin orð er verða fyrir í dönskum bókum*. Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Hale, Mark. 2007. *Historical Linguistics. Theory and Method*. Malden MA og Oxford UK: Blackwell Publishing.

- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. „Eignarfallsflótti: Uppástunga um nýja málvillu“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1:88-95. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Hægstad, Marius og Torp, Alf. 1909. *Gamalnorsk ordbog með nynorsk tyding* (formáli). Noregur: Det norske samlaget.
- Höskuldur, Thráinsson (ritstj.). 2004. *Faroese: an Overview and Reference Grammar*. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Höskuldur Þráinsson. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Iversen, Ragnvald. 1994. *Norrøn grammatikk* (7. útgáfa). Oslo: Tano.
- Íslensk orðtíðnibók*. 1991. Jörgen Pind (ritstjóri), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2011. *Málið á Ævisögu Jóns Steinsgrímssonar*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Þorkelsson. 1863. *Um r og ur í niðrlagi orða og orðstofna í íslenzku*. Reykjavík.
- Jón Þorkelsson. 1874. *Athugasemdir um íslenzkar málmyndir*. Reykjavík.
- Joseph, Brian. D. og Richard Janda (ritsjórar). 2003. *The Handbook of Historical Linguistics*. Oxford: Blackwell.
- Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir. 2009. *Afdrif eignarfallsins: Staða eignarfalls í íslensku nútímamáli* (óbirt meistaraþrófsritgerð í íslenskri málfræði).
- Lightfoot, David. 1979. *Principles of Diachronic Syntax*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lightfoot, David. 1982. *The Language Lottery: Towards a Biology of Grammars*. Cambridge: The MIT Press.
- Lightfoot, David. 2006. *How New Languages Emerge*. New York: Cambridge University Press.

- Margrét Guðmundsdóttir. 2009. „Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 30:7-52. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- McMahon, April M. S. 1994. *Understanding Language Change*. Cambridge:
- Noreen, Adolf. 1903. *Altnordische grammatik I. Altisländische und altnorwegische grammatik unter berücksichtigung des urnordischen*. Halle: Niemeyer.
- Scalise, Sergio. 1986. *Generative Morphology*. Holland/Riverton – U.S.A.: Foris Publications.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk grammatik: íslensk nutidssprog*. Kaupmannahöfn: Hagerup.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1999. „Um eignarfallssamsetningar og aðrar samsetningar í íslensku“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 30:107-150. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.

## Viðauki

### Orðalisti 1 (ósamsett orð)

auðgi baldni beiðni beiski bekkni beldni bermi birti blekkni blendni bleyði blindi blindni breyski breytni bræði byrði drykkni drýldni elli ergi ermi ertni exi eyði eyðni eyri feiti fergi festi fimni fiski fisni fíkni fjálgi flýti flýtni flæði freistni fræði fylgni fylli fyndni fyrtni fýsi fýsni fælmi færni geimsni gemsni gerandi gimsni girni gisni gjöfli gleði glettmi gleymni gleypni glímni glúrní góí gremi greypni gróandi græðgi gylli gæfi gætmi göfgi heiði heilli heldni helgi helti hendi heppni herði herki herkni hirtmi hittmi hlífmi hlýðni hnittmi hnígandi hnyttmi hnýsni hreysti hreystni hrifmi hrymi hrynjandi hræsni hvefsni hvíti hvítmi hyggjandi hyggmi hylli hyskni hæðmi hæfi hæfmi hæsi iðni kartni keiki kelli keppni kergi kerli kerski kerskni kímni kleyfmi kreistni kristni kræsni kunnandi kunngi kurteisi kveðandi kveistni kvellni kvíðni kyngi kynngi kæti lafði lagni leiðni leikni leitni lempi lempni leti leysni lygi lýsi megri meri mildi minnkandi mýri mælgí mæti natni nýtni næmi næmni passni prýði præsni reiði rekandi remi reyði risni rýni rýnni rælni rængli rætni röskvi séðni sínki skálmei skemmtmi skjálgi skreppni skreyti skreytni skrítni skrítni skrökni skyggmi skyndi skældni skæti slembni slysní slækni smíði snefsni snerpi sneypni snilli snyrti snyrtmi sólgni speki spelni spélmi státni stemi stilli stirðni stirfmi stífmi stígandi strembmi stremndi stríðmi stytmi styttni stökkvi sviðjandi svæsni sylli sýki sýpmi sýtni sækmi sæti sætni sögli talandi teistmi teiti temi teygmi tíðni tyrfmi tækmi veiði veiðni veiki veilmí verandi verðandi virkmi vífmi vísi vonandi væmni ybbmi ýgi ýtni þéttmi þjálni þolandí þolmi þætmi þybbmi æði ætni ævi örvi öxi

### Orðalisti 2 (samsett orð með upphafsstafina *r, s* og *t*)

raddarfimni radíófræði radíótækni raðsmíði raðtækni raffræði rafleiðni raftækni ragnasnilli rakaheldni rakasemi rakasækni rakettutækni rallkeppni rammatíðni rangsleitni rangsýni rannsóknafræði rannsóknafræði rannsóknafræði ratvísi rauðamýri rauðsýki raunhæfni raunskyggmi raunspeki raupgirni raupsemi rausnarsemi ráarveiði ráðabreytni ráðbreytni ráðfimi ráðríkni ráðsnilli ráðspeki ráðvendni ráðvísi ráðþægmi rákaveiki rángirni ránsemi ránveiði rásafræði rásgirni refaveiði refsigleði refsingasemi reginheiði reglukveðandi reglusemi regnmýri reiðigirni reiðingsmýri reikningsspeki reikningstækni reiknivís rekstrarbyrði rekstursfræði remsunartækni rennismíði rennslisfræði revíufyndni reynsluhæfni reynslurýni reynslusmíði reynsluspeki reytingsfiski reytingsveiði réttarfræði réttarhelgi réttarspeki réttsýni réttvísi riðlakeppni riðuveiki ritfimi ritfærni ritgleði ritleikni ritrýni ritsnilli rittækni ríkisfesti ríkisfræði ríkishelgi rímfimi rímfræði rímleikni rímsmíði rjúpnaveiði rofbeiðni rofhæfni rokgirni rokkasmíði rokveiði rottuveiði rógmælgí rógsemi rósemi rótarmýri róttækni rumbamýri runnaheiði runnamýri rúmfræði rúmhelgi rúmleti rúnafræði rúnaspeki rúningstækni rýrnunarsýki rýrnunarveiki ræðufræði ræðutækni rækjuveiði rækslusemi ræktarsemi ræktunarhæfni ræktunartækni röðulheiði röðunartækni röggsemi rökfesti rökfimi rökfræði röksemi röksnilli rökspeki rökvísi röntgenfræði röntgentækni rörasmíði sabbatshelgi saðsemi safarmýri safnfræði safngraðgi saggasemi sagnafræði sagnfræði sagnhelgi sakfræði salmonellasýki saltbeiðni samblendni samfylgni samgöngutækni samheldni samhylli samkeppni samkveðandi samkvæmni samleitni samningalagni samningatækni samningssnilli samræðni samtíðni samveiði samvirkni sandeyri

sannfræði sanngirni sannsýni sannsögli sardínuveiði sauðafeiti sauðarhelti sauðarævi saursemi sálarfræði sálargöfgi sálfræði sálmafræði sálrýni sálsýki sáltækni sáraveiki sárbeiðni sáttfýsi sáttgirni sáttsemi sefasýki seglfeiti seglfesti segulheldni segulleiðni seinfærni sektarbyrði selaveiði selveiði senditíðni setningafræði setningarfræði setningartækni sérdrægni sérfræði sérhlífni sérhæfni sérplægni sértækni siðabreytni siðafræði siðaspeki siðavendni siðbreytni siðfræði siðgöfgi siðprýði siðsemi siðspeki sigafesti sigfesti siglingafræði siglingarhæfni siglingatækni sigurgleði sigurkæti silfurfesti silfursmíði silungsveiði sinamýri sinaveiki sinnisveiki sinumýri síldarfræði síldarveiði síldveiði sílisveiði símafræði símataækni símsmíði símtækni síngirni síunarhæfni sóknartækni sólsækni sólsælni sómagirni sómasemi sóttveiki súlnaverði súlufesti sykursýki syndabyrði syndsemi synsemi sýndarkurteisi sýningarhæfni sýningartækni sýnishæfni sýnitækni sýpingsssemi sýslusemi sýtingssemi sældarævi söðlasmíði söfnunargleði sögufræði sögugleði söguhelgi sögurýni söguspeki sögutækni sögvísi sökkvamýri sölufræði sölutækni söngfræði sönggleði sönghæfni söngkeppni sönnunarbyrði sjaldgæfni sjálfbærni sjálffærni sjálfhverfni sjálfhæðni sjálfhælni sjálfnýni sjálfsgleði sjálfshrifni sjálfshygli sjálfshæðni sjálfskímni sjálfskyggni sjálfslýgi sjálfsmíði sjálfsrýni sjálfvirkni sjávarheiði sjávarveiði sjófræði sjóhæfni sjónfræði sjóngleði sjónhelgi sjónhæfni sjóveiði sjóveiki skaðsemi skallatækni skammsýni skammtafræði skapkæti skarfaveiði skarpskyggni skarpsýni skarpvísi skartgirni skartsemi skaröxi skattabyrði skattbyrði skattfræði skákkeppni skálasníði skáldsnilli skeggöxi skeiðhæfni skeifnasníði skemmtanahelgi skemmtiveiði skilsemi skilvirkni skilvísi skinblindi skinhelgi skipasmíði skipatækni skipsfesti skipssmíði skiptabeiðni skiptifræði skiptiveiði skíðakeppni skíðatækni skjálftavirkni skjólsemi skokkhelgi skolunarhæfni skophygli skopskyggni skopvísi skotfimi skotfræði skothelgi skotkeppni skotlagni skottækni skotveiði skógarauðgi skógaröxi skógfræði skólafræði skólaspeki skósmíði skrautgirni skrautsemi skrautsmíði skrifisýki skrofheiði skróðmælgi skröksemi skuggsýni skuldabyrði skuldfesti skuldsemi skurðtækni skutfesti skutulveiði skyggensemi skyldsemi skyldurækni skyldusemi skylmingakeppni skynjunarhæfni skynsemi skyrtuermi skýrslutækni sköpunargleði skötuveiði slagaveiki slagsýki slampheppni slarksemi slattfylli sleikisýki sleikjusýki sléttmælgi slímveiki slormeri slógmeri slumpaheppni slysaheppni slysatíðni slægjumýri slökkvitækni slökunartækni smalatakni smákímni smásmíði smásmýgli smástríðni smittíðni smíðahæfni smíðaöxi smjörfeiti smokkveiði smurfeiti smurhæfni smurningsfeiti snertileiðni sníklafræði snjókyngi snotrunarsemi snyrtifræði snöruveiði spanhæfni sparneytni sparsemi spaugsemi speldaveiði sperrusmíði spilaheppni spilasýki spilsemi spilunarsemi spírunarhæfni sportveiði sporvísi spónasmíði sprengitækni sprengivirkni sprettkeppni sprökuveiði spurnartækni spurningakeppni spurulsemi spærlingsveiði staðarprýði staðfesti staðfræði staðgengni staðkvæmni staðremmi staffræði staffylli stagfylli stangaveiði stanglveiði stangveiði stararmýri starfhæfni starfsemi starfsgleði starfshæfni starfsleikni starfsvirkni starfsævi starmýri stálfesti stáliðni stálsmíði stálöxi steikarfeiti steinafræði steindafræði steinsmíði steinöxi stelsýki stelvísi steypuhæfni steyputækni steypuþjálni stéttvísi stigakeppni stillingarsemi stillisveiði stinghelti stingveiði stílfimi stílfærni stílgöfgi stílleikni stílsnilli stíltækni stjarnfræði stjarnvísi stjórnarfræði stjórnfræði stjórnhæfni stjórnlagi stjórnsnilli stjórnspeki stjórnunarfræði stjórnunartækni stjórnvísi stjörnufræði stjörnuspeki stofugleði stofuprýði stofuspeki stokkafærni storkufræði storkunarsemi stóðmeri stórbyrði stórflæði stórlygi stórsníði

stórveiði stóuspeki strandveiði strangheldni straumfræði strákaheppni strengjaveiði  
stríðsemi stríðsgleði stríðstækni stríðsöxi stríðöxi stundarbræði stundargleði  
stundarkerskni stundarkæti stundarreiði stundvísi stúlknaheppni styrjuveiði styrkbeiðni  
stýrifræði stýringartækni stýrishæfni stýritækni stækkunarhæfni stærðafraði  
stærðarfræði stærðfræði stöðufræði stöðufælni stöðuhelgi stöðuveiði stökkbreytni  
stökkfimi stökkhæfni stökkkeppni stökktækni stöngulsýki stöngulveiki svallsemi  
svarðarmýri svartskýki svartskýni svefnsemi svefnskýki sveiflutíðni sveimhygli  
sveinakeppni sveinssmíði sveitakeppni sveitarbyrði sveitarprýði sveitfesti sveithelgi  
sveppafræði sviðsfræði sviðstækni svifhæfni svigkeppni sviksemi svipfræði svipvísi  
svínafeiti svæðakeppni takveiki talfræði talhlýðni talhæfni talnafesti talnafræði  
talnafylgni talnaspeki talningarfræði talningsfræði taltíðni taltækni tankasmíði tannfræði  
tannsmíði tannveiki taóspeki taparöxi tappafesti taugaveiki taumstífni táknfræði táknvísi  
táknveiki tegundaauðgi teiknifræði teiknistífni tekjuteygni tenniskeppni textafræði  
textafylgni textaráyni textílfraði tiftíðni tiglaveiki tilbekkni tilbreytni tildursemi  
tilfinningaaúðgi tilfinningagöfgi tilfinningasemi tilfinningavæmni tilfyndni tilfýsi  
tilgangsræði tilhættni tilleitni tillitsemi tillitssemi tilraunafræði tilraunagirni  
tilraunataækni tilraunaveiði tilveruspeki tilvistarspeki timbursmíði tindaveiki tinsmíði  
tinveiki tiglaveiki tímakeppni tímalygi tímaskyggni tímgunarhæfni tjáningarhæfni  
tjáningartækni tjónsemi togarasmíði togaraveiði togveiði togþjálni tollabyrði torfengni  
torfmýri tortryggni torveldni tófuveiði tómfræði tónauðgi tónfesti tónfræði tónhæfni  
tónkeppni tónsmíði tóntíðni tónvísi traustasemi traustleikni treyjuermi trésmíði  
trogasmiði trúarblindni trúarfræði trúargleði trúarhelgi trúarhlýðni trúarhræsni trúarveiki  
trúfesti trúfræði trúgirni trúhræsni trúækni trúsemi trúspeki tröllasmíði tunglsýki  
tungutækni tunnusmíði túlkunarfræði túlkunarfælni túlkunarhæfni túlkunartækni  
túnhelgi tvenndarkeppni tvíbreytni tvídrægni tvíkeppni tvílsemi tvímælggi tvíræðni  
tvísögli tvíöxi tvöfeldni tækjasmíði tæknifræði tæknifælni tæknisnilli töflusmíði  
töfrasmíði tökvísi tölfræði töluvísi tölvísi tölvufimi tölvufræði tölvunarfræði tölvutækni